

65

9. maí

Málning og málningarvörur:

Oliurifin málning	40 %
Ryðvarnarmálning	40 —
Löguð olíumálning	40 —
Lökk lituð og litlaus	40 —
Distemper	40 —
Fernisolía	40 —
Terpintína	40 —
Þurkefni	40 —
Kitti	40 —
Krit	30 —
Tjara og blacfernir	35 —
Lím (perlulím)	35 —
Málningarpenslar	40 —

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 króna sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

66

11. maí

AUGLÝSING**um verðlagsákvæði.**

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. des. 1937, sett eftirfarandi verðlagsákvæði:

Álagning á eftirtaldar vörur má eigi vera hærri en hér segir:

Búsáhöld.**Leir- og postulínsvörur:**

Diskar, bollapör, kaffistell, testell, matarstell, kaffikönnur, tekönnur, rjómakönnur, sykurföt, mjólkurkönnur, skálar, steikarföt, kartöfluföt, sósukönnur, desertdiskar, niðursuðuglós og vatnsglós (úr gleri).

1. Í heildsölu	27%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	47%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	64%

Emailleruð mataráhöld og búsáhöld:

Pottar, katlar, skaftpottar, þvottaföt, kaffkönnur, tepottar, matarskálar, diskar, ausur, fiskspáðar, mál, mjólkurfötur, skolpfötur, náttpottar og fægiskúffur.

1. Í heildsölu	18%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	45%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%

Alumín- og emaileruð suðuáhöld fyrir rafmagnseldavélar:**66**

1. Í heildsölu	15%	11. maí
2. Í smásölu:		
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	30%	
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	40%	

Önnur alumín-, bús- og mataráhöld:

1. Í heildsölu	20%	
2. Í smásölu:		
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%	
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%	

Borðbúnaður o. fl.:

Borðhnifar, gafflar, matskeiðar, teskeiðar, búrhnifar og brauðhnifar.

1. Í heildsölu	18%	
2. Í smásölu:		
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%	
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%	

Ýms eldhúsáhöld og búsáhöld:

Svo sem: Kaffikvarnir, pönnur (járn), vöfflujárn, kolaausur, þvottabalar og fötur, kökuform, bollabakkar (úr öðru en silfri eða pletti), eldhúsvogir og gormvogir.

1. Í heildsölu	18%	
2. Í smásölu:		
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%	
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%	

Þvottavindur og kjötkvarnir:

1. Í heildsölu	15%	
2. Í smásölu:		
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	30%	
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	40%	

Handverkfæri

allskonar, til heimilisnotkunar og iðnaðar, svo sem: Sagir og sagarblöð, hamrar, axir, þjalir, skrúflyklar, naglbítar, hjólsveifar, hófjárn, sporjárn, rörtengur, heflar og hefiltennur, glerskerar, vasahnífar, skæri o. s. frv.

1. Í heildsölu	18%	
2. Í smásölu:		
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%	
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%	

66

11. maí

Ýmsar járnvörur:

Hurðarhandföng, lamir, skrár, hengilásar og smekklásar:

1. Í heildsölu	18%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 króna sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

67

12. maí

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir.

Samkvæmt lögum nr. 94 1936, um fræðslu barna og lögum nr. 35 1930, um fræðslumálastjórn og ennfreður lögum nr. 82 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, eru sett eftirfarandi ákvæði um starfssvið skólanefnda.

I. Um fræðslumálastjórn og kennara.

1. gr.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumálanna í sínu skólahverfi undir yfirumsjón fræðslumálastjórinnar.

2. gr.

Losni kennarastaða í skólahverfinu eða þörf sé á viðbótarkennara, skal skólanefnd þegar tilkynna það fræðslumálastjóra, og sér hann þá um, að staðan verði auglýst í útvarpi og Lögbirtingablaðinu. Þurfi að útvega kennara með minna en eins mánaðar fyrirvara, getur fræðslumálastjóri útvegað hann í samráði við skólanefnd án þess að staðan sé auglýst.

3. gr.

Hafi kennarastaða verið auglýst, skal skólanefnd, eins fljótt og auðið er, að loknum umsóknarfresti, halda fund og senda síðan fræðslumálastjóra allar umsóknirnar ásamt tillögum sínum um val kennara. Skólanefnd skal láta sér annt um að mæla með góðum og vel hæfum mönnum.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjandann fyrstan, er hún mælir fastast með og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleirum en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu. Afl atkvæða ræður innan skólanefndar um það, í hvaða röð mælt er með umsækjendum, þannig að séu skólanefndarmenn ekki sammála um það, í hvaða röð þeir mæla með umsækjendum, þá verður t. d. sá umsækjandi í 2. sæti, sem fékk næstflest atkvæði í 1. sæti. Séu jöfn atkvæði, ræður atkvæði formanns.